

1. þrep - deildir		2. þrep - sérhæfð íhlutun		3. þrep – lausnaleit í brúarteymi	
Skimanir- og skráningar		Skimanir- og skráningar		Lausnaleit	
Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna		Orðaskil 2 og 3 ára / úrvinnsla		Úrræðalisti leikskólans	
Móttökusamtal		Tras/ úrvinnsla		Eyðublað B	
Málproski - gátlisti		Gerd Strand/úrvinnsla			
Orðaskil		Hljóm2 / úrvinnsla			
TRAS		EFI-2			
Gerd Strand		Íslenski þroskalistinn			
Hljóm-2		Smábarnalistinn			
AHA-skráningar		AHA skráningar/úrvinnsla			
Foreldrasamtöl		AEPS			
Félagsfærni - gátlisti					
Hreyfiþroski og sjálfshjálpi - gátlisti					
Úrræði		Úrræði		Úrræði/ eyðublað C	
Að næra hjartað (Howard Glasser)		Aðkoma lausnateymis		Mennta- og lýðheilsusvið	
Málörvun /málörvunarhópar		Aðkoma sérkennsluteymis		Talmeinafræðingur/ málþroskamat	
Myndræn stýring/pecs		Einstaklings- og hópanámskrár		Sálfræðingur /þroskamat	
Sjónrænt dagskipulag		Einstaklingsþjálfun		Sérkennslufulltrúi/ráðgjöf	
Sjónrænt einstaklingsskipulag		Hópaþjálfun		Kennslufulltrúi fjölmenningar / ráðgjöf	
Sjónrænt skipulag í fataklefa		Ráðgjöf fyrir deild		Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar/ ráðgjöf	
Sjónrænn matseðill		Ráðgjöf til foreldra		PMTO foreldranámskeið	
Sjónrænar matarmöppur fyrir stuðningsbörn		Ráðgjöf - eyðublað A		Klókir litlir krakkar	
Boðskiptakippur fyrir tvítyngd börn og starfsfólk		Stuðningur við barn (3.fl.)		Fjölskyldu- og barnamálasvið/ málstjóri	
Orðaforðaveggspjöld eftir orðflokki		PMT			
Að gefa 10		Beanfee			

Máli vísað í lausnaleit í brúarteymi - samráðsteymi

Máli vísað í lausnaleit í brúarteymi - beiðni um samþættingu undirrituð



Flæðislestur		Atferlisíhlutun		
Aukalestur á deild		PECS		
Lesið fyrir öll börn að minnsta kosti einu sinni á dag.				
Boðskiptareglur Bínu				
Lubbi finnur málbein				
Lærum og leikum með hljóðin				
Vináttuverkefni Barnaheilla Blær				
Tilfinningaspjöld				
Félagsfærnisögur				
Teymisfundir með foreldrum				
Foreldrar óskar eftir tengilið farsældar				

Leikskóli – þrepaskipting vinnu á stigi 1

1. þrep - deildin:

Byrjað er á að kortleggja stöðu barns og eru gátlistar leikskólans (félagsfærni, málþroski, hreyfiþroski og sjálfshjálpi) nýttir við það. Gátlistarnir, úrræðalisti leikskólans og deildarskipulag er síðan haft til hliðsjónar þegar íhlutun er skipulögð. Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur.

Ef íhlutun skilar ekki tilætluðum árangri á þeim tíma þá er hægt að vísa máli til lausnaleyta í samráðsteymi leikskólans. Samráðsteymi getur vísað máli aftur í vinnslu á þrep 1 (deild) með tillögum að breytingum á íhlutun. Samráðsteymi getur líka ákveðið að vísa máli yfir á þrep 2 (sérhæfð íhlutun).

2. þrep – sérhæfð íhlutun:

Kortlagning á stöðu barns á þrepi 2 felur í sér frekari skimanir og athuganir (sjá úrræðalista). Íhlutun er svo skipulögð út frá þeirri kortlagningu. Hægt er að óska eftir ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs fyrir deildir, hópa eða allan leikskólann á eyðublaði A (kennslufulltrúi fjölmennningar, sérkennslufulltrúi leikskóla, talmeinafræðingar, sálfræðingar, verkefnisstjóri PMTO).

Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir 6-8 vikur. Ef hún skilar ekki tilætluðum árangri þá getur samráðsteymi ákveðið að vísa máli til lausnaleyta í Brúarteymi leikskólans. Það er ávallt gert í samráði við forsjáraðila. Forsjáraðilar þurfa á þessu stigi að skrifa undir beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns. Einnig þarf að fylla út eyðublað B.

3. þrep – lausnaleyti í brúarteymi:

Á fundum brúarteymis fer fram þverfagleg lausnaleyti í málum sem er vísað þangað. Farið er yfir eyðublað B og er úrræðalisti leikskólans hafður til hliðsjónar í þeirri vinnu. Brúarteymi getur ákveðið að vísa máli aftur á þrep 1 (deild) eða þrep 2 (sérhæfð íhlutun) með tillögum að breytingum á íhlutun.

Brúarteymi getur einnig ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 samkvæmt verkfelum Brúarinnar. Þá er eyðublað C fyllt út. Þar er m.a. hægt að óska eftir mati talmeinafræðings og sálfræðings, ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og skólalþjónustu Brúarinnar og námskeiðum fyrir foreldra.